

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 525/2013 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda.

#### 1. gr.

Við 1. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

- vi. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 176/2014 frá 25. febrúar 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, einkum í því skyni að ákvarða fjölda heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda sem verða boðnar upp 2013–2020 sem vísað er til í tölulið 21 ala, III. kafla XX. viðauka samningsins, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 196/2014, frá 25. september 2014, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af reglugerð þessari, XX. viðauka samningsins, bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64 frá 30. október 2014, 2014/EES/64/41, bls. 380-382.

#### 2. gr.

##### *Innleiðing.*

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 176/2014 frá 25. febrúar 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, einkum í því skyni að ákvarða fjölda heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda sem verða boðnar upp 2013–2020 sem vísað er til í tölulið 21 ala, III. kafla XX. viðauka samningsins, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 196/2014, frá 25. september 2014.

#### 3. gr.

##### *Lagastof og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stof í 28. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, og öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 9. desember 2014.*

F. h. r.

**Lilja Sturludóttir.**

*Guðrún Ögmundsdóttir.*